

## Sagan um Gosa spýtukarl

Við byrjuðum á því að finna búk, fætur, haus og hendur.

Það var mikið rætt um hvort karlinn átti að standa, liggja eða sitja. Að lokum var tekin ákvörðun um að spýtukarlinn ætti að sitja.

Það var byrjað á því að negla saman fætur og búkin, næst var höfðinu og höndunum komið fyrir.

Það voru mörg börn sem komu að smíðavinnunni.

Þegar vinnunni lauk þurfti að finna dvalarstað fyrir karlinn sem var komið með nafnið Gosi spýtukarl.



Svo var ákveðið að flytja hann á vagni og koma Gosa fyrir undir tré.



Gosi sat undir grenitré í nokkrar vikur.

En það vildi svo til að stundum eftir helgar að það vantaði á hann ýmsa líkamsparta svo sem hendur, nef, eyru eða jafnvel sjálft höfuðið. Þetta var ekki nógu gott að aumingja Gosi fékk ekki að vera í friði.



Þess vegna var ákveðið að flytja Gosa aftur og í þetta skipti var ákveðið að hafa hann innan dyra.



Gosa spýtkarli leið vel inni og honum fannst gaman að leika við öll börnin sem heimsóttu hann.



En þegar allir voru farnir heim þá var Gosi einmanni af því að hann var aleinn eftir inni á Völusteini á kvöldin.



Börnin á Völusteini vildu hughreysta Gosa. Þau máluðu tré og settu allskonar greinar í vatn sem hann gat talað við og kannski einn daginn verður komin spýtukona inn á Völustein.